

Áskorun aðalfundar Samtaka ferðaþjónustunnar 2022

Aðalfundur Samtaka ferðaþjónustunnar skorar á stjórnvöld að vinna hraðar og markvissar að viðspyrnu ferðaþjónustunnar eftir áföll heimsfaraldursins. Öllum greiningaraðilum um efnahagsmál ber saman um að öflug endurreisn íslensks efnahagslífs og takmörkun samfélagslegs kostnaðar eftir kórónuveirufaraldurinn velti á hraðri viðspyrnu ferðaþjónustunnar.

SAF minna á að þótt faraldurinn sé í rénun munu rekstraraðilar í ferðaþjónustu áfram þurfa að glíma við alvarlegar afleiðingar hans um nokkurra ára skeið. Afar mikilvægt er að stjórnvöld hamli ekki viðspyrnu greinarinnar með ótímabærum og vanhugsuðum aðgerðum, auknum álögum og þyngra regluverki, heldur grípi þegar í stað til aðgerða sem styðja við endurreisn og fjárfestingu í atvinnugreininni.

SAF minna einnig aðila vinnumarkaðarins og hið opinbera á þá gríðarlegu ábyrgð sem fylgir gerð næstu kjarasamninga þar sem ljóst er að svigrúm stærstu útflutningsgreinar þjóðarinnar til launahækkana er ekkert. Innistæðulausar launahækkanir og þar með skert alþjóðleg samkeppnishæfni myndu samstundis draga máttinn úr greininni og tefja fyrir endurreisn ferðaþjónustu á Íslandi.

Það er lykilþáttur í uppbyggingu lífsskjara þjóðarinnar til framtíðar að rekstrarumhverfi ferðaþjónustufyrirtækja og þar með samkeppnishæfni greinarinnar, alþjóðlega og innanlands, verði stórbætt. Allar aðgerðir eða aðgerðaleyfi stjórnvalda sem vinna gegn hagfelldara starfsumhverfi greinarinnar vinna gegn hagvexti og bættum lífsskjörum. Hins vegar geta stjórnvöld nú þegar tekið mikilvæg skref til stuðnings við rekstur fyrirtækjanna.

Aðalfundur SAF hvetur stjórnvöld eindregið til að nýta [Vegvísir um viðspyrnu ferðaþjónustu til 2025](#) sem SAF gáfu út í maí 2021, en þar eru lagðar fram tillögur í 11 köflum að aðgerðum stjórnvalda sem eru nauðsynlegar til að flýta viðspyrnu greinarinnar, styðja við endurreisn efnahagslífs, stuðla áfram að jákvæðri byggðapróun og takmarka neikvæð og langvarandi samfélagsleg áhrif faraldursins.

Á áratugnum fyrir faraldurinn skapaði ferðaþjónusta helming allra starfa á landsbyggðinni, þriðjung allra nýrra starfa í heild, og skilaði samfélaginu jafnvirði alls reksturs Landspítalans á ári í nettó skatttekjum á árunum fyrir faraldurinn. Þrátt fyrir nær algjört hrun ferðaþjónustu í heiminum síðustu tvö ár skilaði ferðaþjónusta á Íslandi samt 204 milljörðum króna í gjaldeyristekjum inn í þjóðarbúið á því tímabili og veitir nú rúmlega 9000 manns atvinnu um allt land þrátt fyrir áfallið. Augljóst hlýtur að teljast að endurreisn stærstu útflutningsatvinnugreinar landsins og endurvakning jákvæðs þjónustujöfnuðar, atvinnu- og verðmætasköpunararfs greinarinnar og hundruða milljarða tekna samfélagsins af greininni hlýtur að vera algert forgangsverkefni stjórnvalda eftir faraldurinn.

Aðalfundur SAF skorar á stjórnvöld að sýna nú þann forgang í verki.